

# **Baugur hf.**

**Árshlutareikningur samstæðunnar  
31. desember 2001**

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnenda .....	3	Yfirlit um sjóðstreymi .....	7
Rekstrarreikningur .....	4	Skýringar .....	8
Efnahagsreikningur .....	5		

# Skýrsla og áritun stjórnenda

---

Árshlutareikningur Baugs hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2001 er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur félagsins árið áður. Árshlutareikningur félagsins hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess.

Á hluthafafundi þann 31. janúar 2002 var samþykkt að breyta reikningsári félagsins, þannig að í stað almannaksársins verði reikningsárið frá 1. mars til loka febrúar ár hvert. Breytingin tók gildi frá og með 1. janúar 2001 og mun því yfirstandandi uppgjörssár verða fjórtán mánuðir eða frá 1. janúar 2001 til 28. febrúar 2002. Breytingin er meðal annars gerð til að aðlaga reikningsár móðurfélagsins við reikningsár dóttur- og hlutdeildarfélaga.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður samstæðunnar á tímabilinu 1.309 millj. kr. og eigið fé í lok desember 2001 nam 12.416 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 1.686 millj. kr. Vísað er til skýringa í árshlutareikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum á tímabilinu.

Alþingi samþykkti undir lok ársins 2001 breytingar á lögum um ársreikninga þess efnis að afnema skyldi verðleiðrétt reikningsskil frá og með árinu 2002. Í lögnum eru bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um tveggja ára aðlögunartíma, þannig að á árunum 2002 og 2003 verður heimilt að semja og birta verðleiðrétt reikningsskil. Stjórn félagsins hefur ákveðið að afnema verðleiðrétt reikningsskil og mun því ársreikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar 2001 til 28. febrúar 2002 verða gerður eftir kostnaðarverðsaðferð. Ef ekki hefði verið beitt verðleiðréttum reikningsskilum fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2001 hefði hagnaður tímabilsins verið 144 millj. kr. hærri og eigið fé félagsins hefði verið 445 millj. kr. lægra í árslok 2001.

Stjórnendur Baugs hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2001 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. mars 2002.

Í stjórn félagsins:

Hreinn Loftsson

Guðfinna Bjarnadóttir

Hans Kristian Hustad

Þorgeir Baldursson

Jóhannes Jónsson

Forstjóri:

Jón Ásgeir Jóhannesson

Aðstoðarforstjóri:

Tryggvi Jónsson

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 31. desember 2001

	Skýr.	2001 1.1.-31.12.	2000 1.1.-31.12.
<b>Rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum:</b>			
Vörusala .....		41.604.227	26.233.641
Kostnaðarverð seldra vara .....		( 30.681.879)	( 19.693.316)
Álagning í vörusölu .....		10.922.348	6.540.325
Aðrar rekstrartekjur .....		554.065	246.930
Laun og launatengd gjöld .....		( 5.467.374)	( 3.054.476)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 4.264.834)	( 2.012.189)
<b>Hagnaður án afskrifta og hreinna fjármagnsgjalda .....</b>		<b>1.744.205</b>	<b>1.720.590</b>
Afskriftir .....		( 1.082.797)	( 620.980)
<b>Rekstrarhagnaður án hreinna fjármagnsgjalda .....</b>		<b>661.408</b>	<b>1.099.610</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....		( 799.255)	( 291.176)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	15	2.274.849	7.118
<b>Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir skatta .....</b>		<b>2.137.002</b>	<b>815.552</b>
Hlutdeild í tekjuskatti hlutdeildarfélags .....	15	( 813.326)	0
Tekjuskattur .....	10,20	228.708	( 166.702)
Eignarskattur .....		( 71.916)	( 5.057)
<b>Hagnaður án áhrifa minnihluta .....</b>		<b>1.480.468</b>	<b>643.793</b>
Hlutdeild minnihluta .....	14	( 171.800)	( 53.244)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>18</b>	<b>1.308.668</b>	<b>590.549</b>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	31.12.2001	31.12.2000
<b>Fastafjármunir:</b>			
Óefnislegar eignir:			
Viðskiptavild .....	4,12	2.690.382	2.465.654
Langtímakostnaður .....	6,13	686.770	359.324
		<u>3.377.152</u>	<u>2.824.978</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir .....		1.126.782	363.633
Innréttingar, vélar og áhöld .....		5.644.440	2.968.410
Flutningatæki .....		146.617	130.105
	7	<u>6.917.839</u>	<u>3.462.148</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum .....	5,15	13.951.743	1.088.417
Eignarhlutir í öðrum félögum .....		446.261	203.695
Lán til hlutdeildarféлага .....		68.547	98.557
Önnur lán .....		145.728	279.564
		<u>14.612.279</u>	<u>1.670.233</u>
		<u>24.907.270</u>	<u>7.957.359</u>
Fastafjármunir			
<b>Veltufjármunir:</b>			
Vörubirgðir .....	8	8.972.000	2.537.999
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur .....	9	1.857.637	2.343.139
Kröfur á hlutdeildarfélag .....		120.889	161.714
Aðrar skammtímakröfur .....		1.871.909	1.302.742
Kröfur vegna hlutafjárútbóðs .....		0	808.571
		<u>631.955</u>	<u>293.866</u>
Handbært fé .....			
		<u>13.454.390</u>	<u>7.448.031</u>
Veltufjármunir			
		<u>38.361.660</u>	<u>15.405.390</u>
<b>Eignir samtals</b>			

# 31. desember 2001

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2001	31.12.2000
<b>Eigið fé:</b>			
Hlutfé .....		1.685.814	1.222.500
Yfirverðsreikningur hlutfjár .....		7.644.784	2.272.659
Endurmatsreikningur .....		260.480	165.589
Óráðstafað eigið fé .....		2.824.491	1.486.498
Eigið fé	16-19	<u>12.415.569</u>	<u>5.147.246</u>
<b>Hlutdeild minnihluta .....</b>	14	<u>2.029.961</u>	<u>69.897</u>
<b>Tekjuskattsskuldbinding .....</b>	20,21	<u>329.930</u>	<u>508.375</u>
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Skuldir við lánstofnanir .....		9.940.628	3.713.547
Skuldabréfalán .....		1.325.207	0
	22	<u>11.265.835</u>	<u>3.713.547</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Vaxtalausar skuldir:			
Viðskiptaskuldir .....		4.547.385	3.218.624
Skuldir við hlutdeildarfélag .....		104.290	118.439
Skattar ársins .....		71.916	29.678
Aðrar skammtímaskuldir .....		1.632.378	854.686
		<u>6.355.969</u>	<u>4.221.427</u>
Skuldir við lánstofnarnir .....		4.160.060	1.285.600
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....		1.804.336	459.298
		<u>12.320.365</u>	<u>5.966.325</u>
	Skuldir samtals	<u>25.946.091</u>	<u>10.258.144</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><b>38.361.660</b></u>	<u><b>15.405.390</b></u>

# Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar - 31. desember 2001

		2001 1.1.-31.12.	2000 1.1.-31.12.
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður tímabilsins .....	18	1.308.668	590.549
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hagnaður af sölu eigna .....		( 119.785)	( 364.709)
Afskriftir .....		1.082.797	620.980
Áhrif hlutdeildarféлага .....	15	( 2.274.849)	( 7.118)
Aðrir liðir .....		996.333	424.125
Veltufé frá rekstri		<u>993.164</u>	<u>1.263.827</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....		146.957	( 221.123)
Handbært fé frá rekstri		<u>1.140.121</u>	<u>1.042.704</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar:</b>			
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....		( 374.452)	( 250.124)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....		( 2.788.744)	( 1.327.715)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....		223.495	200.764
Fjárfesting í öðrum félögum .....		( 7.009.397)	( 837.442)
Langtímakröfur, breyting .....		( 132.652)	0
Skammtímakröfur, breyting .....		680.571	( 931.999)
		<u>( 9.401.179)</u>	<u>( 3.146.516)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Innborgað hlutfé .....		0	1.125.000
Greiddur arður .....	18	( 146.675)	( 133.592)
Tekin ný langtímalán .....		7.917.896	1.393.904
Afborganir langtímalána .....		( 600.942)	( 421.719)
Skammtímalán, breyting .....		1.428.868	198.433
		<u>8.599.147</u>	<u>2.162.026</u>
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		338.089	58.214
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>293.866</u>	<u>235.652</u>
<b>Handbært fé í lok tímabilsins .....</b>		<u>631.955</u>	<u>293.866</u>
<b>Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:</b>			
Keyptir eignarhlutir .....	14	( 5.835.439)	0
Hækkun hlutfjár .....		5.835.439	0

# Skýringar

---

## Reikningskilaaðferðir

1. Árshlutareikningur Baugs hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og er hann í meginatriðum gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess, en í samstæðureikningnum eru öll helstu viðskipti milli félaga í samstæðunni felld út.
2. Árshlutareikningurinn inniheldur nú áhrif dótturfélagsins Bonus Stores Inc., en eignarhlutur í félaginu er 55,8%, og eru áhrif félagsins færð í samstæðureikninginn frá og með 1. júlí 2001.
3. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu innlendra félaga í samstæðunni eru reiknuð og færð í árshlutareikninginn miðað við hækkun á vísitölu neysluverðs innan tímabilsins, sem var 8,6%.

Varanlegir rekstrarfjármunir innlendra félaga í samstæðunni eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til desemberloka 2001. Afskriftir eru færðar til gjalda á meðalverðlagi tímabilsins. Eignarhlutur í félögum öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum eru færðir á kaupverði framreiknuðu til desemberloka 2001. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir innlendra félaga eru reiknuð og færð í árshlutareikninginn og mynda reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 58 millj kr. Endurmatsbreytingarnar hafa þau áhrif að fjárhæðir í efnahagsreikningi eru á verðlagi í lok desember og rekstrarárangur tímabilsins á meðalverðlagi.

Endurmatshækkun eigna og verðbreytingarfærsla eru færð í endurmatsreikning meðal eigin fjár í efnahagsreikningi, sbr. skýringu 18.

4. Mismunur á upphaflegu kaupverði og hlutdeild félagsins í bókfærðu eigin fé dóttur- og hlutdeildarfélaga við kaup er færður sem viðskiptavild í samstæðunni. Kaupverð dóttur- og hlutdeildarfélaga er bæði lægra og hærra en hlutdeild félagsins í eigin fé þeirra en í þeim tilvikum þar sem það er lægra er mismunurinn færður til lækkunar á viðskiptavild í samstæðunni. Fyrirhugað er að niðurfæra viðskiptavild vegna dótturfélaga á fimm til tuttugu árum undir liðnum afskriftir í rekstrarreikningi. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga er færð í rekstrarreikningi að teknu tilliti til tekjufærslu neikvæðrar viðskiptavildar sem fyrirhugað er að færa á tuttugu árum.
5. Árshlutareikningar móðurfélagsins og innlendra dótturfélaga eru gerðir eftir kostnaðarverðsaðferð að teknu tilliti til áhrifa almennra verðlagsbreytinga. Árshlutareikningar erlendra dótturfélaga eru gerðir á grundvelli upphaflegs kostnaðarverðs. Í samstæðureikningi eru fjárhæðir úr efnahagsreikningum þeirra umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í desemberlok, en fjárhæðir úr rekstrarreikningum eru umreiknaðar á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu reikningskila erlendra dótturfélaga í íslenskar krónur er færður á endurmatsreikning. Gengisáhrif framvirkra samninga sem félagið hefur gert í tengslum við fjárfestingar í erlendum félögum eru færð á endurmatsreikning sbr. skýringu 23.
6. Á eignaliðinn langtímakostnað í efnahagsreikningi er færður kostnaður við undirbúning opunar verslana, kostnaður við breytingar á verslunum félagsins, kaup á vörumerkjum og ýmis þróunarkostnaður. Fyrirhugað er að færa kostnaðinn til gjalda á þremur til tíu árum.



## Skýringar, frh.:

7. Varanlegir rekstrarfjármunir innlendra félaga í samstæðunni eru eignfærðir á framreiknuðu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Varanlegir rekstrarfjármunir erlendra dótturfélaga eru færðir á kostnaðarverði í erlendri mynt miðað við gengi í lok tímabilsins að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar út frá áætluðum endingartíma eignanna þar til að niðurlagsverði er náð.
8. Vörubirgðir eru taldar á síðasta innkaupsverði.
9. Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir starfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.
10. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í árshlutareikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi félagsins hins vegar. Við útreikninginn er tekið tillit til reiknaðrar skattinneignar svo sem vegna áhrifa samsköttunar móður- og dótturfélaga og er hún færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í reikningsskilum. Tekjuskattshlutfallið er nú reiknað 18% í stað 30% áður, í samræmi við lög sem Alþingi samþykkti undir lok ársins 2001.
11. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í desemberlok og verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2002.

## Óefnislegar eignir

12. Viðskiptavild greinist þannig:

	Neikvæð viðskiptavild	Viðskipta- vild	Samtals 31.12.2001	31.12.2000
Viðskiptavild í ársbyrjun .....	0	2.465.654	2.465.654	1.987.746
Yfirtekið frá dótturfélagi .....	0	0	0	47.341
Viðbót á tímabilinu .....	( 244.456)	554.344	309.888	493.511
Selt á tímabilinu .....		( 95.726)	( 95.726)	0
Endurmat á tímabilinu .....	( 14.862)	219.939	205.077	85.884
Niðurfærsla á tímabilinu .....	8.149	( 202.660)	( 194.511)	( 148.828)
Viðskiptavild í lok tímabilsins .....	<u>( 251.169)</u>	<u>2.941.551</u>	<u>2.690.382</u>	<u>2.465.654</u>
Niðurfærsla .....	5%	5-20%		

13. Langtímakostnaður greinist þannig:

	31.12.2001	31.12.2000
Langtímakostnaður í ársbyrjun .....	359.324	127.199
Endurmat á tímabilinu .....	57.239	9.993
Viðbót á tímabilinu .....	374.452	250.124
Niðurfærsla á tímabilinu .....	( 104.245)	( 27.992)
Langtímakostnaður í lok tímabilsins .....	<u>686.770</u>	<u>359.324</u>
Niðurfærsla .....	10-33%	10-33%

**Áhættufé í öðrum félögum**

14. Í ársbyrjun 2001 var stofnað dótturfélag í Lúxemborg, Baugur Holding S.A., en það félag yfirtók á tímabilinu allar erlendar langtímaskuldir og eignarhluti móðurfélagsins í erlendum félögum. Þá stofnaði félagið í ársbyrjun 2001, ásamt nokkrum fjármálafyrirtækjum, A Holding S.A. en það félag keypti á tímabilinu 20,1% hlutafjár í Arcadia Group Plc. Í byrjun maí 2001 nýtti Baugur hf. sér kauprétt sinn á 87,7% eignarhlut annarra hluthafa í A Holding S.A. og greiddi fyrir með nýju hlutafé í Baugi hf.

Í ársbyrjun 2001 átti félagið meirihluta hlutafjár í Bonus Dollar Stores Inc., í Bandaríkjunum sem bókfærður var á 346 millj. kr. Í apríl 2001 gerðu nokkrir fjárfestar samning um kaup á rekstri og eignum lágvöruverðskeðjunnar Bill's Dollar Stores Inc. í Bandaríkjunum. Hinn 29. júní 2001 gerði Baugur síðan samning um kaup á ráðandi hlut í félaginu og nam kaupverðið 2.308 millj. kr. Unnið er að sameiningu félaganna við nýtt félag, Bonus Stores Inc. og mun eignarhlutur Baugs hf. nema um 55,8% í hinu sameinaða félagi. Frá 1. júlí 2001 er Bonus Stores Inc. hluti af samstæðu Baugs hf.

Á seinni hluta ársins 2001 stofnaði félagið þrjú ný innlend dótturfélög í tengslum við rekstur verslana í Smáralind.

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig:

Innlend félög:	Eignar- hlutur	Erlend félög:	Eignar- hlutur
Augun okkar ehf., Reykjavík .....	65%	A Holding S.A. Lúxemborg .....	100%
Babysam á Íslandi ehf., Reykjavík .....	100%	Baugur Holding S.A. Lúxemborg ...	100%
Baugur.net ehf., Reykjavík .....	92%	Baugur Sverige AB, Svíþjóð .....	100%
Debenhams á Íslandi ehf., Reykjavík .....	100%	Bonus Stores Inc., Bandaríkin .....	55%
Dúkur hf., Reykjavík .....	100%		
Lyfja hf., Reykjavík .....	55%		
Noron ehf., Reykjavík .....	100%		

Öll dótturfélög innan samstæðunnar eru færð í samstæðureikningsskil félagsins. Hlutdeild minnihluta í afkomu og eign fé dótturfélaga er sérgreind í árshlutareikningnum.

15. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum sem færðir eru samkvæmt hlutdeildaraðferð greinast þannig:

Innlend félög:	Eignar- hlutur	Erlend félög:	Eignar- hlutur
Árnes Aptótek ehf. ....	50%	Arcadia Group Plc., Bretlandi .....	20%
Ávaxtahúsið Nýtt og ferskt ehf. ....	50%	P/f SMS, Færeyjum .....	50%
Fasteignafélagið Stoðir hf. ....	48%	Simon Agentur Aps. Danmörk .....	50%
GK Reykjavík ehf. ....	50%		
Húsavíkur apótek ehf. ....	33%		

## Skýringar, frh.:

15. frh.

Eignarhlutur A Holding S.A. í Arcadia Group Plc. er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð í samstæðureikninginn frá 1. maí 2001 og er hlutdeild í hagnaði félagsins fyrir skatta, tímabilið maí til desember 2001 færð til tekna í rekstrarreikningi undir liðnum áhrif hlutdeildarfélaga. Bókfært verð hlutabréfa í Arcadia Group Plc., sem skráð eru á hlutabréfamarkaði, nam 13.013 millj. kr. í lok desember en markaðsverð þeirra var á sama tíma 15.337 millj. kr. Bókfært verð eignarhlutans er hærra en samtala kaupverðs og yfirverðs vegna kaupa á 87% hlut í A Holding S.A. Mismunurinn er færður sem neikvæð viðskiptavild á liðinn viðskiptavild í efnahagsreikningi í lok desember 2001 sbr. skýringu 12.

Hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaga, án skatta og að teknu tilliti til breytingar á viðskiptavild var jákvæð um 2.275 millj. kr. og er sú fjárhæð færð til tekna í rekstrarreikningi. Hlutdeild samstæðunnar í tekjuskatti Arcadia Group Plc. nemur 813 millj. kr. og er sú fjárhæð sérgreind í rekstrarreikningi.

## Eigið fé

16. Á aðalfundi 26. mars 2001 fékk stjórn félagsins heimild til að auka hlutafé þess um 500 millj. kr. að nafnverði og gildir heimild stjórnar til 26. mars 2002. Féllu hluthafar frá forgangsrétti til áskriftar að þessum nýju hlutum. Í maí 2001 tók stjórn félagsins ákvörðun um að auka hlutaféð um 463 millj. kr. að nafnverði á genginu 12,6 eða samtals 5.835 millj. kr. sem afhent var til annarra hluthafa A Holding S.A. vegna yfirtöku Baugs á félaginu. Yfirverð útgefins hlutafjár að frádregnum kostnaði er fært á yfirverðsreikning innborgaðs hlutafjár.
17. Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.696 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Hlutafé félagsins samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

Hlutafé samkvæmt samþykktum félagsins .....	1.695.814
Eigin hlutabréf .....	( 10.000)
Hlutabréf samkvæmt efnahagsreikningi .....	<u>1.685.814</u>

18. Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Endurmats reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2001 .....	1.222.500	2.272.659	165.589	1.486.498	5.147.246
Hækkun hlutafjár .....	463.314	5.372.125			5.835.439
Arður til hluthafa .....				(146.675)	(146.675)
Gengisáhrif framvirka samninga vegna hlutdeildar- félags sbr. skýringu nr. 23 .....			(358.169)		(358.169)
Endurmatshækkun eigna .....			570.629		570.629
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga .....			58.431		58.431
Hagnaður tímabilsins .....				1.308.668	1.308.668
Endurmat eigin fjár .....			(176.000)	176.000	
Eigið fé 31.12.2001 .....	<u>1.685.814</u>	<u>7.644.784</u>	<u>260.480</u>	<u>2.824.491</u>	<u>12.415.569</u>

## Skýringar, frh.:

19. Eigið fé félagsins í ársbyrjun 2001 nam 5.147 millj. kr. sem jafngildir 5.509 millj. kr. í desemberlok miðað við 8,6% verðlagsbreytingu innan tímabilsins. Samkvæmt efnahagsreikningi nemur eigið fé 12.416 millj. kr. í desemberlok eða 6.907 millj. kr. hærri fjárhæð en í ársbyrjun miðað við verðlag í desemberlok 2001. Breytingin greinist þannig:

	Samkvæmt árshlutareikningi	Á verðlagi 31.12.2001
Eigið fé 1.1.2001 .....	5.147.246	5.508.903
Hækkun hlutafjár .....	5.835.439	6.174.696
Arður til hluthafa .....	( 146.675)	( 152.728)
Hagnaður tímabilsins .....	1.308.668	1.362.678
Gengisáhrif framvirka samninga vegna hlutdeildarfélags .....	( 358.169)	( 372.951)
Endurmat að viðbættri verðbreytingarfærslu .....	629.060	
Liðir sem fylgja ekki almennum verðlagsbreytingum .....		( 105.029)
Eigið fé 31.12.2001 .....	<u>12.415.569</u>	<u>12.415.569</u>

## Skuldbindingar

20. Tekjuskattsskuldbinding samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	508.375
Reiknaðar verðbætur .....	50.263
Tekjuskattur .....	<u>( 8.755)</u>
Tekjuskattsskuldbinding miðað við 30% skatthlutfall .....	549.883
Lækkun tekjuskattsskuldbindingar vegna lækkunar tekjuskatts úr 30% í 18% .....	<u>( 219.953)</u>
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins .....	<u>329.930</u>

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

Tekjuskattur .....	8.755
Lækkun tekjuskattsskuldbindingar vegna lækkunar tekjuskatts úr 30% í 18% .....	<u>219.953</u>
Tekjuskattur í rekstrarreikningi .....	<u>228.708</u>

21. Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	385.015
Viðskiptakröfur .....	17.011
Yfirfæranlegt tap .....	<u>( 72.096)</u>
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins .....	<u>329.930</u>

Frestaður söluhagnaður af eignarhlutum móðurfélagsins í öðrum félögum að fjárhæð 479 millj. kr. er færður til lækkunar á fjárfestingum í dótturfélögum. Tekjuskattsskuldbinding er ekki reiknuð af eignarhlutum í dótturfélögum þar sem ólíklegt er talið er að mismunur milli bókfærðs verðs og skattlagðs verðs muni snúast við í framtíðinni.

**Langtímaskuldir**

## 22. Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum .....	10.013.268
Skuldir í íslenskum krónum .....	3.056.903
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir .....	13.070.171
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	( 1.804.336)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals .....	11.265.835

**Skuldbindingar**

23. Félagið hefur gert framvirka gjaldmiðlasamninga til að takmarka gengisáhættu sína vegna eigna og skulda. Hér er annars vegar um að ræða samninga sem gerðir eru vegna skuldasetningu félagsins og hins vegar samninga í tengslum við fjárfestingu í hlutabréfum í Arcadia Group Plc. Miðað við gengi í lok desember hefur félagið skuldbundið sig til gjaldmiðlaviðskipta fyrir 5.583 millj. kr.

Gengisáhrif framvirkra gjaldmiðlasamninga eru færð í rekstrarreikning miðað við markaðsverð þeirra. Gengisáhrif framvirkra gjaldmiðlasamninga vegna fjárfestingar í hlutabréfum í Arcadia Group Plc. að fjárhæð 358 millj. kr. eru færð til lækkunar á eigin fé félagsins með hliðsjón af grein 164 í staðli Alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar númer 39, sem tók gildi 1. janúar 2001.

**Önnur mál**

	2001	2000
24. Hrein fjármagnsgjöld greinast þannig:	1.1.-31.12.	1.1.-31.12.
Vaxtatekjur .....	89.530	52.207
Tekjur af sjóðstýringu .....	0	231.913
Vaxtagjöld .....	( 987.806)	( 433.461)
Gengishagnaður (-tap) .....	186.484	( 237.328)
Afskrift eignarhluta í öðrum félögum .....	( 29.032)	0
Reiknuð (gjöld) tekjur vegna verðlagsbreytinga .....	( 58.431)	95.493
Hrein fjármagnsgjöld samtals .....	( 799.255)	( 291.176)

## Skýringar, frh.:

---

### Kennitölur

	2001 1.1.-31.12.	2000 1.1.-31.12.
25. Rekstur:		
Veltuhraði vörubirgða - kostnaðarverð seldra vara / birgðir í lok tímabilsins .....	5,0	7,8
Meðalálagning í rekstri - sala / kostnaðarverð seldra vara .....	35,6%	33,2%
Framlegð í hlutafalli af sölu - framlegð / vörusala .....	26,3%	24,9%
26. Efnahagur:		
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir .....	1,1	1,2
Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildarfjármagn .....	32,4%	33,4%
Innra virði hlutafjár - eigið fé / hlutafé .....	7,4	4,2